



## Viðar pallaolía

### Vörunr. 2413

#### Lýsing

Viðar pallaolía (2413) er ætluð til notkunar á við utanhúss, til þess að koma í veg fyrir vatnsupptöku. Olían inniheldur efni til varnar sveppa- og gróðurmyndun. Viðar pallaolía frískar útlit viðarins, kemur í veg fyrir ofþornun og sprungumyndun.

#### Notkun

Viðar pallaolía (2413) er ætluð til notkunar á þrýstivarinn við, furu, tekk, eik, harðvið o.fl. Olían hentar sérlega vel á sólpalla og viðarhúsgögn.

#### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> Litlaus, græn og tekklituð	<b>Þurrefni:</b> 45 % (rúmmál)
<b>Pakkningar:</b> 1, 4 og 10 lítra	<b>Þynnir:</b> Terpentína
<b>Efnisnotkun:</b> 10-15 m <sup>2</sup> /l	<b>Áhaldahreinsir:</b> Terpentína
<b>Eðlisþyngd:</b> 0,9 kg/l	<b>Þurrktími:</b> U.þ.b. 24 klst.

#### Undirmálning

Ekki að grunna undir Viðar pallaolíu (2413).

#### Yfirmálning

Ekki skal mála yfir Viðar pallaolíu.

#### Áhöld

Berið Viðar pallaolíu á með pensli, málningarsprautu eða úðakönnu. Þurrkið umfram olíu af um 30 mínútum eftir áburð. Notist við tuskur sem ekki skilja eftir sig ló.

## Vinnutilhögun


Fjarlægð gamla málningu, ryk og önnur óhreinindi. Gróður fjarlægist með Ute Mögeltvätt (6205). Viðurinn skal vera hreinn og þurr. Á sjúgandi fleti skal bera Viðar pallaolíu (2413) blautt í blautt allt þar til viðurinn er fullmettaður. Í flestum tilfellum duga ein til þrjár umferðir. Fleti sem mikið mæðir á skal meðhöndla á hverju ári.

## Athugasemdir

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Viðar pallaólía inniheldur þornandi olíur og því er hætta á sjálfsíkveikju. Úrgangi, notuðum tuskum o.þ.h. skal farga tryggilega.
- Hreinsið áhöld strax eftir notkun.

## Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.